



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 11. október 2021
VEL2021090068

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga varðandi þróunarverkefni um félagslegan stuðning fyrir einstaklinga með heilabilun

Á fundi velferðarráðs þann 6. október sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga um þróunarverkefni um félagslegan stuðning fyrir einstaklinga með heilabilun, ásamt fylgigögnum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Um 30 einstaklingar myndu geta tekið þátt í verkefninu sem er til tveggja ára. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 36 m.kr. á árinu 2022 vegna nýrra reglna um stuðningsþjónustu.

Tillagan var samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir fagna nýju þróunarverkefni um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun. Tillagan er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022. Í aðgerðaráætlun með stefnunni er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar tilraunaverkefni þar sem einstaklingar með heilabilun fá sérhæfðan félagslegan stuðning á heimili sínu. Í verkefninu er einstaklingum með heilabilun veittur félagslegur stuðningur í heimahúsi þar sem aðstæður eru þannig að viðkomandi getur búið áfram heima. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 36 milljónum króna á árinu 2022. Samhliða þessu stendur nú yfir vinna með heilbrigðisráðuneytinu um að koma á laggirnar sérstöku heilabilunarteymi á grundvelli samnings um heimahjúkrun. Mikilvægt er að fylgja stofnun þess teymis eftir þar sem slíkt teymi myndi styðja enn frekar við ofangreint þróunarverkefni.

Erindið er hér með sent borgarráði til kynningar.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um þróunarverkefni um félagslegan stuðning fyrir einstaklinga með heilabilun lögð fyrir fund velferðarráðs 6. október 2021.

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 6. október 2021, um þróunarverkefni um félagslegan stuðning fyrir einstaklinga með heilabilun

Jafnréttisskimun.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Þróunarverkefni um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun*

Lagt er til að velferðarráð samþykki tillögu að þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Um 30 einstaklingar myndu geta tekið þátt í verkefninu sem er til tveggja ára. Samþykkt hefur verið að veita velferðarsviði aukna fjárheimild sem nemur alls 36 m.kr. á árinu 2022 vegna nýrra reglna um stuðningsþjónustu.

Greinargerð:

Lögð eru fram drög að þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Sérstakir starfsmenn heimaþjónustu myndu veita stuðning inni á heimilinu, eitt til tvö skipti í viku, í 2-3 klukkustundir í senn, t.d. um kvöld og helgar í samræmi við þarfir heimilisins. Um leið og hinum heilabilaða einstaklingi væri veittur stuðningur myndi aðstandendum gefast kostur á að fara út af heimilinu. Með því móti væri verið að mæta þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti af heimaþjónustu.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um þróunarverkefni um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun, dags. 6. október 2021
2. Jafnréttisskimun



Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: *Þróunarverkefni um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun*

1. Lagagrundvöllur

Sveitarfélögum er skylt að veita stuðningsþjónustu, sbr. 25.-27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Í 25.-27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að finna ákvæði þar sem kveðið er á um stuðningsþjónustu (áður nefnd félagsleg heimaþjónusta).

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða og hæfa notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi, sbr. 25. gr. fyrrgreindra laga. Í breytingum sem gerðar voru á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fólst m.a. að einnig skuli veita aðstoð utan heimilis en ekki eingöngu inni á heimilinu eins og áður.

Í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um þjónustu við aldraða þar sem fram kemur að stuðlað skuli að því að aldraðir geti búið við eðlilegt heimilislíf svo lengi sem verða má. Þá kemur jafnframt fram að félagsþjónusta fyrir aldraða sé fyrir hendi eftir þörfum, þ.e. heimaþjónusta, félagsráðgjöf og heimsending matar. Í 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 kemur fram að heimaþjónusta skuli veitt öldruðum sem búa heima. Þjónustan skal miðast við einstaklingsbundið mat á þjónustupörf og byggjast á hjálp til sjálfshjálpar.

2. Aðgerðaáætlanir með stefnum

Í aðgerðaáætlun heilbrigðisráðuneytisins sem gefin var út í apríl 2020 um þjónustu við einstaklinga með heilabilun til ársins 2025 kemur fram um styðjandi samfélag (e. dementia friendly community) að stefna sveitarfélaga eigi að gera einstaklingum með heilabilun kleift að lifa í samfélagi sem skilur vanda þeirra, sýnir þeim virðingu og veitir þeim aðstoð eftir þörfum. Einnig að stefnt sé að því að minnka félagslega einangrun og einmanaleika aldraðra sem áhættuþátt í þróun heilabilunar og annarra heilbrigðisvandamála.

Í drögum heilbrigðisráðuneytisins að stefnu í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða til ársins 2030 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda þann 2. ágúst 2021 og ber heitið „*Virðing og reisn – samþætt heilbrigðis- og félagsþjónusta fyrir eldra fólk*“ kemur fram í tillögum að markmiðum og aðgerðum að auka skuli sérstakan stuðning við ættingja og aðstandendur sem sinna umönnun. Skilgreint verði hlutverk opinberrar þjónustu og hlutverk fjölskyldu og aðstandenda út frá þörfum notanda og þörfum fjölskyldunnar og gerðar verði samræmdar leiðbeiningar um hvíld, fræðslu, verkefnaskiptingu og ábyrgð milli aðstandenda og opinberu þjónustunnar.

Í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni eldri borgara fyrir árin 2018-2022 kemur fram að bjóða eigi upp á mismunandi valkosti í stuðningi fyrir heilabilaða og taka eigi sérstaklega tillit til þess álags sem er á aðstandendum þeirra. Þegar úfæra á félagslegan stuðning við heilabilaða og langveika einstaklinga þarf að taka mið af því að heilsufar þeirra getur verið mismunandi og vinnulag og umfang stuðnings þarf að vera í samræmi við það.

Í aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara fyrir árin 2018-2022 er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar tilraunaverkefni þar sem einstaklingar með heilabilun fá sérhæfðan félagslegan stuðning á heimili sínu.

3. Þróunarverkefni um félagslegan stuðning fyrir eldra fólk með heilabilun

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum komið á fót fjölbreyttum og sérhæfðum þjónustuúrræðum og verið leiðandi á landsvísu í þróun öldrunarþjónustu og verkefnum sem snúa að því að gera eldra fólk kleift að búa sem lengst á heimilum sínum.

Þróunarverkefni þar sem félagslegur stuðningur er veittur einstaklingum með heilabilun er eitt af slíkum verkefnum og er ætlað þeim sem aðstæðna sinna vegna geta búið heima. Verkefnið myndi mæta þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti af heimaþjónustu. Sérstakir starfsmenn heimaþjónustu myndu veita félagslegan stuðning innan heimilis, eitt til tvö skipti í viku, í 2-3 klukkustundir í senn, í samræmi við þarfir heimilisins. Stuðningurinn væri veittur um kvöld og helgar í samræmi við þarfir. Um leið og hinum heilabilaða einstaklingi væri veittur stuðningur myndi aðstandendum gefast kostur á að fara út af heimilinu og sinna hugðarefnum sínum með þá vissu að hinn heilabilaði einstaklingur væri í öruggum höndum. Með því móti væri verið að létta álagi af heimilinu og bæta lífsgæði fjölskyldunnar.

Starfsfólk heimaþjónustu sem myndi inna umrædda þjónustu af hendi væru félagsliðar sem fengju sérstaka fræðslu og handleiðslu til að sinna starfinu. Teymi árangurs og gæðamats myndi framkvæma þjónustukannanir meðal aðstandenda og starfsfólks og safna saman reynslu af verkefninu, varðandi þau atriði sem gengu vel og það sem betur getur farið. Tvisvar á tímabilinu væri gert stöðumat sem lagt yrði fyrir velferðaráð til kynningar.

Kostnaður er á ársgrundvelli 36 m.kr og myndu um 30 einstaklingar geta tekið þátt í verkefninu sem væri til tveggja ára.

Þróunarverkefni um félagslegan stuðning við heilabilaða myndi hefjast þann 1. janúar 2022 og standa yfir í tvö ár eða til 31. desember 2024.

4. Þjónustukeðja til framtíðar

Á tímabilinu mun velferðarsvið vinna með heilbrigðisráðuneytinu að koma á laggirnar sérstöku heilabilunarteymi á grundvelli samnings um heimahjúkrun. Þetta er í samræmi við

aðgerðaáætlun með stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara fyrir árin 2018-2022 en þar er gert ráð fyrir að í samstarfi við heilbrigðisráðuneytið verði komið á fót miðstöð fyrir sérhæft þverfaglegt teymi í þjónustu við heilabilaða. Ríkið leggi til tvö stöðugildi hjúkrunarfræðinga og tvö stöðugildi sjúkraliða. Slíkt teymi myndi styðja enn frekar við ofangreint þróunarverkefni og þá samþættu þjónustukeðju sem þarf að vera til staðar fyrir fólk með heilabilun og langvinna sjúkdóma.



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	20.3.2020
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	29. september 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Berglindi Magnúsdóttur
Verkefni/tillaga:	Tillaga að reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu
Þjónustubáttur:	Stuðningsþjónusta
Stofnun/kostn.st.:	Heimaþjónusta í Efri byggð, Miðbyggð og Vesturbyggð.
Fjárhæð:	36 m.kr.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Markmiðið er að setja af stað þróunarverkefni innan heimaþjónustu um félagslegan stuðning við fólk með heilabilun þar sem aðstæður eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima. Um 30 einstaklingar myndu geta tekið þátt í verkefninu sem er til tveggja ára. Tillagan er lögð fram samhliða reglum Reykjavíkurborgar um stuðningsþjónustu en þar er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.- 27. gr. og X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Verkefnið mætir þörf sem áður hefur ekki verið hægt að mæta með markvissum hætti af heimaþjónustu.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Já, tillagan snýr að þeim sem eru heilabilaðir en geta búið á eigin heimilum og fjölskyldum þeirra.

Hvaða hópa snertir tillagan?

Einstaklinga með heilabilun sem aðstæðna sinna vegna geta búið heima og fjölskyldum þeirra. Um leið og hinum heilabilaða einstaklingi er veittur stuðningur mun aðstandendum gefast kostur á að fara út af heimilinu og sinna hugðarefnum sínum með þá vissu að hinn heilabilaði einstaklingur væri í öruggum höndum. Með þessu móti væri verið að létta álagi af heimilinu og bæta lífsgæði fjölskyldunnar.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.

Breytingarnar snerta bæði einstaklinga og fjölskyldur og öll kyn.

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹

Nei.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.